

Laugardaginn 25. maí 1946.

Nr. 1/1946. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags
Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

**Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafé-
lags Íslands h/f** (Eggert Claessen hrl.).

Varadómendur Ragnar Jónsson cand. jur. og Sigtryggur
Klemenzson fulltrúi í stað Gunnlaugs E. Briems og
Hákonar Guðmundssonar.

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. apríl s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði, að 11. gr. í samningi gerðum hinn 23. nóv. 1945 um kaup og kjör háseta og 10. gr. í samningi gerðum samtímis um kaup og kjör kyndara, — báðir samningarnir gerðir milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og Skipaútgerðar ríkisins og Eimskipafélags Íslands h/f hins vegar — séu rétt skildar þannig, að einungis beri að telja þá sunnudaga, sem skip liggur í heimahöfn, með frídögum samkvæmt greinunum, en enga aðra helgidaga með frídögum, og ekki heldur þá helgidaga, sem taldir eru í niðurlagi 2. gr. samninganna.

2. Að hinu stefnda félagi verði dæmt skylt að greiða hásetum og kyndurum eftirvinnukaup samkvæmt 2. gr. samninga aðiljanna fyrir þá daga í mánuði hverjum, er vanta kynni upp

á 4 frídaga, eða fyrir alla 4 dagana, ef skipverjar þessir fá enga frídaga í mánuðinum, eins og 10. og 11. gr. samninganna gerir ráð fyrir, að þeir skuli fá.

3. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Í 11. gr. hásetasamningsins segir svo:

„Hásetar skulu fá fri annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurböfn eða annarri heimahöfn og enn fremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mánuði, þar með taldir sunnudagar. Auk þess veitist hásetum í erlendri höfn, þar sem skip hefur viðkomu, hálf dags fri tvisvar á mánuði eða einn dag heilan á mánuði. Séu óviðráðanlegar ástæður, er hamli því, að unnt sé að veita þetta fri, ber að greiða það samkvæmt ákvörðun 2. gr.“

10. gr. kyndarasamningsins geymir samhljóða ákvæði varðandi kyndarana.

Stefnandi rökstyður kröfu sína með því, að sjómönnum beri réttur til að fá fri á helgidögum, svo sem öðrum mönnum, og sé ekki unnt að veita þeim það, beri þeim bætur fyrir. Telur hann, að samningarnir séu gerðir út frá þessu sjónarmiði, og sé farmönnum með þeim tryggður réttur til 4 mánaðarlegra frídaga meðan skip liggur í heimahöfn eða í Hafnarfirði, og eigi þeir að svara til sunnudaga mánaðarins. Hins vegar taki ákvæði samningsins ekki til annarra helgidaga, svo sem bæna-daganna, né heldur til annarra hátíðisdaga, svo sem 17. júní eða 1. maí. Beri farmönnum því réttur til að fá fri á þeim dögum, eða verði því ekki við komið, þá réttur til eftirvinnukaups.

Í 56. gr. sjómannalaga nr. 41 1930 er gengið út frá, að skipverjar séu bundnir við skip sitt á sunnudögum og öðrum lögteknum helgidögum, en bann lagt við því að setja þá til vinnu við þau störf, er fresta má. Í flutningi máls þessa hafa ekki verið leiddar fram, gegn mótmælum stefnda, sannanir fyrir því, að venjur hafi myndast um frekari frítíma farmanna á lögboðnum helgidögum, en sjómannalögin greina. Verður því ekki talið, að farmönnum beri frekara fri en samningarnir taka til samkvæmt orðalagi sínu, eða allt að 4 daga samtals á

mann á mánuði, ef skilyrði þau, er samningarnir taka fram, eru fyrir hendi.

Varðandi 2. kröfulið sinn heldur stefnandi því fram, að farmenn eigi samkvæmt samningunum skilyrðislausan rétt á 4 frídögum á mánuði, eða yfirvinnukaupi, verði því ekki við komið, að þeir fái notið frídaganna að fullu. Heldur stefnandi því fram, að frídagana eigi þeir undantekningarlaust, hvort sem skip dvelur í heimahöfn svo lengi að unnt sé að veita þeim frídaga, svo sem í samningunum greinir, eða ekki.

Í 3. mgr. umræddra samningsgreina er talað um ástæður, „er hamli því, að unnt sé að veita þetta fri“. Telja verður þessi orð vísa til 1. mgr. samningsgreinanna, og verði þargreind skilyrði að vera fyrir hendi, ef greiða skal yfirvinnukaup samkvæmt 2. gr. samninganna, það er að segja, að skip hafi legið í heimahöfn eða í Hafnarfirði það lengi, að því hafi orðið við komið að veita hina umræddu frídaga, en samt ekki verið gert. Ber farmönnum ekki yfirvinnukaup yfir lengri tíma en svo.

Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. júní 1946.

Nr. 2/1946. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar
(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Ragnar Jónsson cand. jur. í stað Hákonar Guðmundssonar.

Úrskurður.

Áður en dómur gengur í máli þessu í félagsdómi, þykir rétt að fresta málinu samkvæmt 69. gr. laga nr. 80 frá 1938, sbr.